

Ed.

99. Breytingartillögur

[65. mál]

við frv. til laga um verðlagsuppbót á laun og um visitölu framfærslukostnaðar.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (BGuðbj, BJ, EÁ).

1. Við 1. gr.

- A. Siðasti málslíður 1. gr. falli niður.
B. Við greinina bætist ný málsgrein:

Frá 1. des. 1967 skulu lögboðnar bætur lifeyristrygginga samkv. lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og siðari breytingum á þeim lögum hækka um 7% umfram bætur samkvæmt 1. málsgrein. Hækjun fjólskyldubóta skal þó bundin við bætur vegna barna umfram eitt í hverri fjólskyldu.

2. Á eftir 2. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

- A. (3. gr.) Greiða skal verðlagsuppbót á laun og aðrar greiðslur fyrir unnin störf samkvæmt nánari fyrirmælum þessara laga. Sama gildir um bætur greiddar í peningum samkvæmt lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum bótaupphæða, svo og um bætur samkvæmt lögum nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar. Enn fremur skal greiða verðlagsuppbót á greiðslur til einstaklinga á 18. gr. fjárlaga og á lifeyri úr lifeyrissjóðum, sem rikisssjóður sjálfur eða rikisfyrirtæki greiða iðgjöld til. Skal hlutaðeigandi lifeyrissjóður greiða verðlagsuppbótina gegn endurgreiðslu úr rikissjóði og frá stofnunum þeim, er lifeyrisþegi tók laun sín hjá. Verðlagsuppbót greiðist ekki á lifeyrisgreiðslur, er sjálfkrafa fylgja breytingum launa, sem verðtryggð eru samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Fyrirmæli þessara laga taka til kauptrygginga bátasjómanna og til vinnulauna, sem greidd eru samkvæmt uppmælingar- og öðrum ákvæðisvinnutöxtum, enda séu þeir ákveðnir í kjarasamningum stéttarfélags, sem í hlut á, eða miðaðir við kjarasamninga sömu starfsgreina annars staðar.

Fyrirmæli þessara laga taka ekki til launa, sem greidd eru í öðru en peningum, og ekki heldur til fjárhæða, sem launþegar fá greiddar vegna útgjaldar, sem fylgja starfi þeirra. Sama gildir um laun, sem ákveðin eru sem hundraðshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti.

- B. (4. gr.) Kauplagsnefnd skal reikna kaupgreiðsluvísitölu eftir visitölu framfærslukostnaðar samkvæmt 2. gr., þó á þann hátt, að miðað sé við útgjöld launþega til kaupa á vörum og þjónustu, sbr. 1. gr.

Kaupgreiðsluvísitala sú, er um ræðir í fyrrí málsgr. þessarar gr., reiknast eftir visitölu framfærslukostnaðar 1. nóvember, 1. febrúar, 1. maí og 1. ágúst og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun næstu þrjá mánuði, frá byrjun næsta mánaðar eftir að hún var reiknuð, í fyrsta sinn frá 1. mars 1968.

- C. (5. gr.) Vinnuliðir verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara skulu hækka eða lækka samkvæmt breytingum visitölu eftir sömu reglum og um ræðir í 2. og 4. gr., og afurðaverð til bænda breytast um leið til samræmis. Þó skal slík breyting á vinnuliðum verðlagsgrundvallar ekki eiga sér stað, nema samkvæmt ósk fulltrúa framleiðenda eða fulltrúa neytenda í sexmannanefnd.